

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á Teams þriðjudaginn 17. október 2023 kl. 8:00.

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps

Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsness og Grafningshrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. **Starfsmannamál.**

Rætt um starfsmannamál og launaröðun starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu.
Samþykkt að unnin verði launagreining í samræmi við umræður á fundinum.

2. **Öldungaráð uppsveita.**

Sveitarfélögin hafa þegar skipað sína fulltrúa í öldungaráðið en stjórn samþykkir að kallað verði eftir nöfnum fulltrúa félaga eldri borgara í ráðið.
Starfsmaður ráðsins verði Anný Ingimarsdóttir frá SVÁ sem skipuð er af stjórn SVÁ.
Mun hún boða til fyrsta fundar ráðsins um leið og allar tilnefningar liggja fyrir.

3. **Næsti fundur stjórnar.**

Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði haldinn mánudaginn 6. nóvember kl. 16:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:38